

Fundargerð 20. stjórnarfundar starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 15. september 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Sigurður Ingvarsson, Hannes Strange, Benóný Jónsson, Felix Sigurðsson. Forföll tilkynnt: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Einnig sat fundinn Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 19. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.
2. Stefnumótunarmál.
 - 2.1. Undirbúningur að næsta Frjálsíþróttapeingi. Samþykkt að næsta Frjálsíþróttapeing yrði haldið á Selfossi eða Árborgarsvæðinu 9. – 10. mars 2012 eða helgia á eftir, í samvinnu við heimamenn.
 - 2.2. Tillögur um rekstrarmál. Rætt um aðgreiningu almenns rekstur og starfsemi hjá FRÍ og fjármálatendrar starfsemi. Formaður lagði fram hugmyndir að hlutverki og markmiði FRÍ.
 - 2.3. Starfsmannamál. Rætt um að ráða starfsmann í hlutastarf til að byrja með a.m.k. sem sinni tilgreindum verkefnum, s.s. skólaþríþrautinni, mögulegri fjallahlaupröð, mótaröð FRÍ o.fl. verkefni. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við Þóreyju Eddu vegna þessa máls.
 - 2.4. Mótaröð á vegum FRÍ og sambandsaðila. Framkvæmdastjóri lagði fram hugmyndir að e.k. mótaröð FRÍ sem yrði framkvæmd næsta sumar. RUV hefur opnað á hugmyndir um vikulegan sjónvarpsþátt um frjálsíþróttir á næsta sumri, með innlendu og erlendu efni.
 - 2.5. Fundir eða samráð með sambandsaðilum. Fundur ákveðinn 27. sept. nk. og hefur verið tilkynnt að hann stæði fyrir dyrum. Ákveðið að kynna hann aftur og með umræðuefni. Formanni falið að útbúa dagskrá fundarins.
 - 2.6. RIG 2012 og skipun fulltrúa í undirbúningsnefnd næsta móts. Samþykkt að formaður verði fulltrúi FRÍ og framkvæmdastjóri til vara, þar til annað verður ákveðið.
3. Fjármál.
 - 3.1. Evrópubikar. Formaður greindi frá helstu uppgjörstólum vegna Evrópubikars. Einnig að uppgjöri væri ekki lokið þar sem uppgjöri við Ícelandair vegna afsláttar vegna flugmið væri ekki lokið.
 - 3.2. Kostnaður vegna helstu móta ársins. Yfirlit um kostnað vegna helstu alþjóðlegra móta sumarið 2011. Útkoman heldur betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
 - 3.3. Staðan gagnvart samstarfsaðilum og framhald samstarfs. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu stöðu helstu samstarfsaðila FRÍ. Ákveðið að gjaldkeri og framkvæmdastjóri hefji undirbúning að samstarfssamningum fyrir árið 2012.

4. Þing IAAF og HM í Daegu.
 - 4.1. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þingi IAAF sem haldið var í Daegu í ágúst sl. Hann ræddi einnig árangur og aðstöðu keppenda á HM og taldi að aðhlyningu og aðstoð á vettvangi fyrir okkar keppnisfólk þyrfti að vera mun betri almennt séð.
5. Lagt fram
 - 5.1. Ráðstefna um aðstöðumál. Framkvæmdastjóra falið að vinna frekar að málinu í samvinnu við Sigurð Haraldsson og Þorstein Þorsteinsson.
 - 5.2. Afreksstefna ÍSÍ og skilgreining afreka – tvö erindi frá ÍSÍ. Framkvæmdastjóra falið að svara erindunum í samstarfið við Íþrótt- og afreksnefnd.
 - 5.3. Fundur Íþrótt- og afreksnefndar, 13. sept sl. Minnispointar formanns lagðir fram á fundinum.
 - 5.4. Fundur unglínganefndar, 14. sept. sl. Minnispointar formanns lagðir fram á fundinum.
 - 5.5. Þjálfaranámskeið, CECS 1. stigs, í haust. Framkvæmdastjóri greindi frá því að efnt yrði til námskeiðs fyrir nýja þjálfara í haust. Það verður framkvæmt í þrennu lagi, eins og hin fyrri.
 - 5.6. Endurskoðun laga og reglugerða FRÍ fyrir næsta þing. Samþykkt að óska eftir því við laganefnd að hún skoði lög og reglugerðir sambandsins fyrir næsta þing og gera tillögur til úrbóta.
 - 5.7. Erindi Birgis Guðjónssonar, dags. 26. ágúst sl. lagt fram. Formanni falið að svara erindinu.
6. Önnur mál.
 - 6.1. Landskeppni í Luxembourg á næsta ári. Luxembourg hefur boðið til landskeppni nokkurra landa 16. og 17. júní á næsta ári, þar sem Evrópubíkarkeppnin fellur niður. Íþrótt- og afreksnefnd telur æskilegt að okkar fólk verði gefinn kostur á þátttöku. Þar sem um verkefni utan hins hefðbundna ramma FRÍ er að ræða og vegna ástands fjármála mun stjórn óska eftir afstöðu sambandsaðila til keppinnar.
7. Næsti fundur ákveðinn síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:55.

Jónas Egilsson.